



Ökutækjatrýgging

Skilmáli B-1

Ökutækjatrýgging felur í öllum tilvikum í sér lögboðna ábyrgðartryggingu ökutækis sem er skylduþrygging og tekur til greiðslu á bótakröfu vegna tjóns sem hlýst af notkun ökutækis. Slysatrýgging ökumanns og eiganda er einnig lögboðin og bætir líkamstjón ökumanns og eiganda vegna annarra ökutækja en torfærutækja. Slysatrýgging ökumanns og eiganda er valkvæð þegar um torfærutæki er að ræða. Bílrúðuþrygging er valkvæð trygging.

Um trygginguna gilda skirteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, hér eftir vsl. Ákvæði í skilmála þessum ganga framur ákvæðum í almennum skilmálum ef ekki er fullt samræmi þar á milli. Ákvæði skilmála þessara skerða ekki að neinu leyti þann endurkröfurétt sem félagið á eða kann að eignast samkvæmt almennum réttarreglum, umferðarlögum nr. 77/2019 eða lögum um váttryggingarsamninga.

Í skilmálanum merkir hugtakið „félagið“ Vörður tryggingar hf.

Efnisyfirlit:

- Lögboðin ábyrgðartrygging
- Slysatrýgging ökumanns og eiganda
- Bílrúðuþrygging (valkvæð)
- Almenn ákvæði

1. Kafli. Lögboðin ábyrgðartrygging

1. gr. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin nær til sérhverrar skaðabótakröfu sem eiganda tryggða ökutækis er skylt að tryggja gegn, samkvæmt gildandi lögum um ökutækjatrýggingar, vegna tjóns sem hlýst af notkun ökutækisins.

2. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki skemmdir á ökutækinu sjálfu eða öðrum eignum tryggingartaka, tryggðs eða ökumanns. Þó bætir tryggingin skemmdir á eigin bifreið tryggðs eða ökumanns af völdum áaksturs tryggða ökutækis.

3. gr. Hverjir eru tryggðir?

Eigandi ökutækis, sem tiltekinn er á skirteini er tryggður, svo og hver sá sem með samþykki hans notar ökutækið eða ekur því. Sé ökutækið selt er hinn nýi eigandi tryggður í 14 daga eftir eigendaskipti, enda hafi hann ekki keypt aðra tryggingu vegna ökutækisins. Þótt tryggingin falli úr gildi ber félagið áfram ábyrgð gagnvart tjónþola á sérhverju tjóni sem verður þar til fjórar vikur eru liðnar frá því að tryggingin féll úr gildi, nema önnur fullnægjandi trygging hafi verið keypt.

4. gr. Eigin áhætta

Af hverju tjóni ber tryggingartaki eigin áhættu. Félagið greiðir því tjón sem umfram er fjárhæð eigin áhættu tryggingartaka, ef þess er getið í skirteini eða á upplýsingum sem sendar eru við árlega endurnýjun. Krafa félagsins um greiðslu eigin áhættu fellur í gjalddaga jafnskjótt og félagið hefur innt af hendi bráðabirgða- eða fullnaðargreiðslu vegna tjónsins. Eigin áhætta tryggingartaka hefur engin áhrif á réttarstöðu tjónþola.

2. Kafli. Slysatrýgging ökumanns og eiganda

5. gr. Hvað bætir tryggingin?

Félagið greiðir bætur fyrir líkamstjón vegna umferðarslyss sem ökumaður verður fyrir við stjórn ökutækis eða eigandi þess verður fyrir sem farþegi sem tryggingin tekur til, enda verði slysið rakið til notkunar þess sbr. 9. gr. laga um ökutækjatrýggingar.

Tryggingin er valkvæð á torfærutæki sem ekki eru í almennri umferð. Hér er átt við tæki eins og vélsleða, torfæruhjól, krossara og fjórhjól sem eru með torfæru skráningarkerki.

Ef valkvæð slysatrygging ökumanns og eigenda er til staðar kemur aðeins til greiðslu bóta ef varanlegur miski skv. 4. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 er að lágmarki 15 stig. Félagið greiðir ekki fyrir útlagðan kostnað, t.d. læknisvottorð og matsgerð, fyrr en varanlegur miski hefur verið staðfestur með matsgerð. Ef varanlegur miski er undir 15 stígum greiðist enginn útlagður kostnaður af félaginu.

6. gr. Ákvörðun bóta

Um ákvörðun bóta fer eftir almennum reglum skaðabótaréttar og skaðabótalögum nr. 50/1993, að undanskildu því sem frá greinir í 3. mgr. 5. gr. í skilmála þessum.

Ef tryggður á rétt á skaðabótum skv. reglum laga um ökutækjatrýggingar eða öðrum skaðabótareglum lækka bætur úr þessari tryggingu sem því nemur.

3. Kafli. Bílrúðutrygging (valkvæð)

Tryggingin er innifalin ef hún er tilgreind á skirteini.

7. gr. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir brot á bílrúðum ökutækis. Nánar tiltekið fram-, hliðar- og aftur rúðum ásamt ísetningarkostnaði. Það telst ekki brot þótt flísist upp úr rúðu eða hún rispast. Brot á rúðum er eingöngu bætt með viðgerð eða skiptum á tryggðu rúðum.

8. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?

Bætur geta aldrei orðið hærrí fjárhæð en sem nemur 35% af raunvirði ökutækisins. Raunvirði er sú fjárhæð sem sambærilegt ökutæki að tegund, aldri eða gæðum kostaði á almennum markaði á tjónsdegi miðað við staðgreiðslu.

Bætur miðast við sambærilega bílrúðu með sömu eiginleika og sú sem var í bifreiðinni fyrir tjónið. Leita skal fyrir fram samþykkis félagsins á viðgerðaraðila. Félaginu er ekki skylt að greiða bætur fyrir viðgerð sem hafin er án samþykkis þess.

9. gr. Eigin áhætta?

Bæti tryggingin tjón á rúðu með nýrri rúðu ber tryggingartaki þá eigin áhættu sem tilgreind er á skirteini. Sé hægt að gera við hina skemmdu rúðu án þess að skipta um rúðu greiðir tryggingin fyrir viðgerð hennar án eigin áhættu tryggingartaka.

10. gr. Undanþága – Úrtaka – ísetning – afnotamissir

Rúða sem brotnar við úrtöku eða ísetningu er ekki bætt. Ekki er bætt tjón vegna afnotamissis ökutækisins þegar rúða brotnar.

4. Kafli. Almenn ákvæði

11. gr. Hvar gildir tryggingin?

Tryggingin gildir á Íslandi. Enn fremur gildir tryggingin í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, Bretlandi og Sviss. Tryggingartaki þarf að leysa til sín alþjóðlegt tryggingarkort fyrir ökutæki („grænt kort“) vegna aksturs erlendis, enda eigi ríkið aðild að samningum um notkun slíks tryggingakorts.

12. gr. Takmarkanir

Tryggingin gildir ekki þegar ökutækið er notað í öðrum tilgangi en sem ökutæki eða þegar það tekur þátt í aksturskeppni.

13. gr. Varúðarreglur

Tryggðum ber að fara eftir þeim varúðarreglum sem félagið setur í skilmála þessum eða á skirteini. Misbrestur á því getur leitt til skerðingar eða brottfalls bótaábyrgðar skv. 26. gr. vsl.

- Ökumaður skal vera í líkamlegu ástandi til þess að geta stjórnað ökutækinu örugglega og ekki undir áhrifum áfengis, örvandi eða deyfandi lyfja.
- Ökumaður skal hafa hæfni til þess að stjórna ökutækinu örugglega og hafa til þess tilskilin réttindi.

- c. Tryggður og sá sem hefur ökutækið undir höndum skal sjá til þess það sé í lögmæltu ástandi, að ökutækið sé fært til lögbundinnar skoðunar og viðhald ökutækisins sé í samræmi við leiðbeiningar og þjónustuhandbók framleiðanda.
- d. Sérstaklega ber að sjá til þess að öryggisbúnaður svo sem dekk og hemlabúnaður séu í lagi.

14. gr. Annar akstur en tilgreindur er

Félagið getur endurkrafði tryggingataka og/eða ökumann um greiddar bættur að hluta eða að fullu, ef ökutæki er notað til annars aksturs en þess sem getið er í skirteini eða við aðra notkun en ætla má að falli undir þá atvinnugreinaflokkun (ÍSAT) sem fyrirtæki er skráð undir. Ef ökutæki er notað við atvinnustarfsemi, t.d. útleigu, ber að tilkynna félaginu það.

15. gr. Vanskil iðgjalds

Verði vanskil á iðgjaldinu getur félagið felld trygginguna úr gildi sbr. 13. gr. laga um ökutækjatrýggingar og ákvæði vsl. og tilkynnt það til Samgöngustofu. Félagið skal einnig tilkynna um niðurfellinguna til tryggingataka og umráðamanns, sé hann skráður. Skráningarkerki skulu tafarlaust tekin af ökutækinu og ber lögreglan ábyrgð á að fylgja því eftir. Tryggingataka skal þó greiða iðgjald fyrir þann tíma sem tryggingin sannanlega var í gildi. Þrátt fyrir niðurfellingu ábyrgðartryggingar ber félagið áfram ábyrgð gagnvart tjónþola á sérhverju tjóni sem verður þar til fjórar vikur eru liðnar frá því að tryggingin féll úr gildi nema önnur fullnægjandi trygging hafi verið keypt. Bótaréttur ökumanns og eiganda fellur niður um leið og félagið tilkynnir Samgöngustofu um uppsögn eða þegar skráningarkerki eru lögð inn hjá Samgöngustofu, samkvæmt 14. gr. laga um ökutækjatrýggingar.

Iðgjöld eru aðfararhæf og hvíla á ökutækinu sem lögveð og gengur framar öðrum skuldbindingum sem á því hvíla, s.s. lánum samkvæmt lögum um ökutækjatrýggingar.

Uppsögn að beiðni tryggingataka kemur ekki til framkvæmda fyrr en eigandi ökutækis hefur stofnað til nýrrar tryggingar hjá öðru tryggingafélagi eða opinber staðfesting liggur fyrir um að ökutækið hafi verið tekið úr umferð með afskráningu eða innlögnum skráningarkerkja til Samgöngustofu.

16. gr. Trygging fellur úr gildi á miðju tímabili

Meginreglan er sú að falli tryggingin úr gildi á tryggingartímabilinu skal tryggingartaki greiða iðgjald fyrir það tímabil sem tryggingin er í gildi. Félagið endurgreiðir iðgjald fyrir þann tíma sem greitt hefur verið fyrir og tryggingin var ekki í gildi. Þessi regla gildir þó ekki þegar iðgjald ákvarðast af árstíðabundinni áhættu. Á skirteini kemur fram ef um árstíðabundna áhættu er að ræða, ásamt flokki ökutækis.

Falli tryggingin úr gildi á tryggingartímabilinu vegna ökutækis þar sem iðgjald ákvarðast eftir árstíðabundinni áhættu, enda sé þess getið í skirteini að iðgjald sé árstíðabundið, skal tryggingartaki greiða iðgjald miðað við samanlagt hlutfall ársiðgjalds sem tilgreint er í töflunni hér að neðan fyrir það tímabil sem tryggingin var í gildi, en flokkur ökutækis sem ökutækið fellur undir er tilgreindur í skirteini. Félagið endurgreiðir iðgjald samkvæmt sömu reglu fyrir þann tíma sem greitt hefur verið fyrir og tryggingin var ekki í gildi.

Mánuður	Mótorhjól	Húsbílar	Vélsleðar	Fjór hjól
Janúar	1%	2%	6%	1%
Febrúar	1%	3%	30%	1%
Mars	4%	7%	30%	2%
Apríl	6%	9%	16%	5%
Mái	17%	13%	5%	6%
Júní	18%	19%	1%	20%
Júlí	17%	19%	1%	20%
Ágúst	17%	14%	1%	16%
September	13%	6%	1%	12%
Október	4%	4%	1%	10%
Nóvember	1%	2%	6%	2%
Desember	1%	2%	6%	2%
Samtals	100%	100%	100%	100%

17. gr. Sala ökutækis – Afskráning – Innistaða skráningarnúmers

Tryggingartaka ber að tilkynna félaginu án tafar ef ökutækið er afskráð eða selt, enda gildir tryggingin ekki fyrir nýjan eiganda eftir 14 daga frá eigendaskiptum. Sé ökutækið selt eða afskráð endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við það sem eftir er af tryggingartímabilinu, enda hafi ný trygging verið keypt fyrir ökutækið við eigendaskipti og iðgjaldið greitt.

Hafi skráningarnúmer ökutækis verið lögð inn til vörslu Samgöngustofu eða þess sem hefur umboð hennar til að taka við skráningarkerkjum, felur það í sér uppsögn tryggingasamnings og fellur ábyrgðartryggingin við það úr gildi við það tímamark.

18. gr. Iðgjaldsákvörðun – Endurnýjunariðgjald

Við ákvörðun iðgjalds er félaginu heimilt að afla upplýsinga frá öðrum váttryggjendum um tjónareynslu tryggingartaka og geta slíkar upplýsingar haft áhrif á iðgjaldið.

19. gr. Endurkrafa á tryggðan

Félagið getur endurkrafið tryggðan hafi félagið vegna ákvæða umferðarlaga, eða reglugerða, greitt bætur fyrir tjón, sem tryggður á ekki rétt á tryggingarvernd fyrir þegar:

- a. tryggður hefur brotið gegn ákvæðum tryggingarsamnings þessa.
- b. tryggður hefur ekki réttindi til að aka tryggða ökutæki eða misst réttindi til að aka því.
- c. tjóni hefur verið valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, það telst t.d. stórkostlegt gáleysi að aka bifreið undir áhrifum áfengis, deyfandi eða örvandi lyfja.
- d. liðnir voru 14 dagar frá eigendaskiptum.
- e. trygging hefur fallið úr gildi vegna vanskila á iðgjaldi eða vegna uppsagnar.
- f. ökutækið er leigt án ökumanns án þess að skilyrði laga um leigu á skráningarskyldum ökutækjum til mannflutninga án ökumanns, nú laga nr. 65/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja, séu fyrir hendi.

Skilmálar þessir gilda frá 01.05.2023